6. gr.

Aðalfund skal halda eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikninga í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykktum þessum varðar sektum samkvæmt lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 6. desember 1972.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Nr. 336. 6. desember 1972.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Langadalsár, Hvannadalsár og Þverár með þverám þeirra í Nauteyrarhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Langadalsár-, Hvannadalsár og Þverár. Heimili þess og varnarþing er Nauteyrarhreppur í Norður-Ísafjarðarsýslu.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Langadalsá, Hvannadalsá og Þverá með þverám þeirra, en jarðir þessar eru:

1) Tunga. 2) Arngerðareyri. 3) Bakkasel. 4) Fremri-Bakki. 5) Neðri-Bakki. 6) Kirkjuból. 7) Rauðamýri. 8) Nauteyri. 9) Brekka. 10) Lágidalur.

3. gr.

Verkefni félagsins og deilda þess er að stunda fiskirækt eftir því, sem við verður komið á hverjum tíma, að viðhalda góðri fiskgengd á fiskisvæðinu (félagssvæðinu), og að leigja það til stangarveiði, allt eða hluta þess.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Þeir skulu kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn, þó þannig að þeir ganga úr stjórn á víxl, formaður eftir eitt ár, annar meðstjórnandi eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og

helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan endurkosningu nema sérstök forföll hamli, eða hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn í stjórn og tvo endurskoðendur til tveggja ára, og gengur annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn út annað árið en hinn hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir milli aðalfunda félagsins. Hún aflar aðstoðar við störf í þágu félagsins eftir því, sem þarf, og semur um þóknun fyrir. Formaður félagsins er fulltrúi þess út á við, og hefur yfirumsjón með störfum félagsins og fjárreiðum.

6. gr.

Óheimilt er að veiða á félagssvæðinu nema með sérstöku, skriflegu leyfi deildarstjórnar, sbr. lög nr. 76/1970, 49. gr. i. f. Í leyfi skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

7. gr.

Aðalfund skal halda í síðasta lagi um mánaðamót september—október ár hvert. Skýrir stjórnin þá frá störfum félagsins á liðnu starfsári, og gerir tillögur um starf þess á næsta ári. Þá skal og leggja fram endurskoðaða reikninga, og úrskurðar fundurinn um þá.

8. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni er skylt að færa reikninga í gerðabók, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og aðalefni bréfa.

9. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

10. gr.

Félagið starfar í þrem deildum. Skal ein deildin vera fyrir veiðieigendur Langadalsár, önnur fyrir veiðieigendur Hvannadalsár með þverám, og hin þriðja fyrir Þverá og veiðieigendur hennar. Skal hver deild sjá algerlega um rekstur, fjárhag, fiskirækt og leigu fyrir hverja á. Skal hver deild skipa sér stjórn á grundvelli samþykktar þessarar, og hafa skýrslur og greinargerðir tilbúnar svo tímanlega, að aðalfundi veiðifélagsins þurfi ekki að seinka þess vegna.

11. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, og skal um allt í hvívetna fylgt ákvæðum þeirra laga eftir því, sem við verður komið.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 6. desember 1972.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.